

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2015, þriðjudaginn 15. september, var haldinn 116. fundur Hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Aðalheiður Frantzdóttir, Jórunn Pála Jónsdóttir og Unnur Ágústsdóttir. Einnig voru mættir Sveinn Hjörtur Guðfinnsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvína, Snorri Freyr Vignisson frá Ungmennaráði Breiðholts, Helgi Kristófersson áheyrnarfulltrúi Íbúasamtakanna Betra Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Umræður um skýrslu starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar. Eftirfarandi umsögn mótuð í framhaldi af umræðum:

Hverfisráð Breiðholts leggur áherslu á að niðurstöður skýrslu um þjónustuveitingu í Reykjavíkurborg verði nýttar til skilvirkra og jákvæðra umbóta á þjónustu við íbúa borgarinnar. Ráðið telur brýnt að stjórnkerfis- og lýðræðisráð taki þá gagnrýni sem fram kemur í niðurstöðum skýrslunnar alvarlega til skoðunar. Nýta þarf að fullu þau tækifæri sem liggja í aukningu og þróun á rafrænni þjónustu. Ráðið fagnar því að fjallað sé sérstaklega um Breiðholtsverkefnið og telur mikilvægt að þróa stjórnsýslu og þjónustu borgarinnar í anda þess, þannig að þarfir íbúa, jákvæð hverfisvitund og aukinn félagsauður sé í fyrirrúmi. Hverfisráð telur að sviðsmynd 3, *Framtíðarsýn með hverfaskipulagi – útfærsla með áherslu á þjónustumiðstöðvar*, sé ákjósanleg útfærsla fyrir íbúa í Breiðholti, með fyrirvara um kostnað vegna kerfisbreytinga og rekstrarhagkvæmni til framtíðar. Með þessari sviðsmynd er þjónusta færð nær íbúum, heildaryfirsýn yfir verkefni og þjónustu við íbúa er skýr, upplýsingaflæði gert hraðara og gagnvirkara og tryggt að ráðstöfun á fjármunum þjóni hagsmunum íbúa.

Samþykkt.

- Kl. 17:50 víkur Óskar Dýrmundur Ólafsson af fundi.
2. Umræður um starfsdag hverfisráðs sem haldinn verður miðvikudaginn 23. september.
 3. Erindi frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt, tölvupóstur dags. 15. september 2015, varðandi styrkveitingu hverfisráðs til Íbúasamtakanna. Umræður um erindið. Samþykkt að hverfisráð svari erindinu skriflega.

Fundi slitið kl. 18.22

Jórunn Pála Jónsdóttir
Aðalheiður Frantzdóttir

Nichole Leigh Mosty

Unnur Ágústsdóttir